

30

25. marz

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 86 6. júlí 1956, um breyting á reglugerð nr. 74 7. des. 1923, um umsóknir og afgreiðslu einkaleyfa.

1. gr.

Í stað: „500 krónur“ í 1. gr. reglugerðarinnar komi: 1150 krónur.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 12 20. júní 1923, um einkaleyfi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarmálaráðuneytið, 25. marz 1960.

Ingólfur Jónsson.

Páll Pálmason.

31

29. marz

REGLUGERÐ

um útgáfu og notkun vegabréfa innanlands.

1. gr.

Allir unglingar á aldrinum 12 til 18 ára, sem búsettir eru í Vestmannaeyjum, eða dveljast þar 4 vikur eða lengur, skulu ávallt bera á sér vegabréf, er lögreglustjóri gefur út.

2. gr.

Skylt er að sýna vegabréf þessi hvenær sem löggæzlumenn krefjast. Einnig geta viðkomandi eftirlitsmenn, svo sem dyraverðir og afgreiðslufólk veitingastaða eða samkomuhúsa og annarra sölustaða, sem opnir eru eftir lokunartíma sölubúða, krafizt þess, að vegabréf sé sýnt, ef tiltekinn aldur eða hæfileiki er skilyrði fyrir komu eða dvöl á þeim stað.

3. gr.

Í vegabréfi skulu vera þessar upplýsingar um vegabréfshafa:

1. Fullt nafn hans.
2. Staða eða atvinna.
3. Fæðingardagur og ár.
4. Fæðingarstaður.
5. Heimilisfang.
6. Mynd hans.
7. Nafn hans, ritað eigin hendi.

4. gr.

Lögreglustjóri skal halda spjaldskrá um vegabréf, sem gefin verða út. Spjaldskráin skal geyma allar sömu upplýsingar og vegabréfið um vegabréfshafa, þ. á m. mynd hans, svo og aðrar upplýsingar, er lögreglustjóri telur nauðsynlegar.

Hver, sem vegabréf skal bera, er skyldur til að gefa sig fram í skrifstofu lögreglustjóra til að fá bréfið afhent. Skal hann þá afhenda 2 myndir af sér, er

lögreglustjóri tekur gildar, til afnota á vegabréfið og spjaldskrána. Hann skal og gefa allar þær upplýsingar, sem lögreglustjóri telur nauðsynlegar við útgáfu vegabréfsins og samning spjaldskrárinnar. 29. marz 31

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10000.00.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 10 15. maí 1942, um notkun vegabréfa innanlands, og eftir tilmælum bæjarstjórnar Vestmannaeyja, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. marz 1960.

Ingólfur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð frú Gunhördu Magnússon, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 31. marz 1960. 31. marz
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð frú Gunhördu Magnússon.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður frú Gunhördu Magnússon.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Ingólfi Magnússyni, Hvanneyri, Andakílshreppi, eiginmanni frú Gunhördu, og börnum þeirra með minningargjöf að upphæð kr. 5000.00 — fimm þúsund krónur — til kvenfélagsins 19. júní í Andakíl í Borgarfjarðarsýslu. Gunharda var fædd í Noregi 22. júní 1896 og andaðist 24. jan. 1959.

3. gr.

Sjóðurinn er eign félagsins, en með sérstöku reikningshaldi, og er hann undanþeginn öllum fjárhagsskuldbindingum félagsins.

4. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

5. gr.

Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af endurskoðendum félagsins og lagður fram til samþykktar á aðalfundi félagsins.

6. gr.

Fastar tekjur sjóðsins eru vextir af höfuðstóli. Sjóðinn skal efla með frjálsum framlögum, gjöfum og áheitum, sölu minningarspjalda og heillaóskaskeyta, sem stjórn sjóðsins lætur gera. Enn fremur skal efla sjóðinn á hvern þann hátt, er